



**BOLUNGARVÍK**

#### **4. HAUSTÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA**

Haldið 25. og 26. október 2019 - Félagsheimilinu á Hólmavík

### **ÁLYKTUN**

Bæjarráð Bolungarvíkur skorar á 4. haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga að hafna alfarið hugmyndum um lögbvingaðar sameiningar sveitarfélaga á Íslandi og hvetja ráðamenn til að virða hagsmuni og sjálfsákvörðunarrétt í eigin málefnum. Sameining sveitarfélaga getur verið ákjósanleg og skynsamleg en slíkt verður að gerast á forsendum þeirra sem um ræðir.

Samþykkt á fundi bæjarráðs Bolungarvíkur 15. október 2019

 Bæjarstjórnin í Bolungarvík  
  
Jón Páll Hreinsson, Bæjarstjóri



## BOLUNGARVÍK

### 4. HAUSTÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 25. og 26. október 2019 - Félagsheimilinu á Hólmavík

### ÁLYKTUN

Bæjarráð Bolungarvíkur leggur til við 4. haustþing Fjórðungssambands Vestfjarða að skora á atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að beita sér fyrir auknum niðurgreiðslum hitunarkostnaðar með raforku, þannig að kostnaður þeirra er nota raforku til húshitunar verði ekki meiri en hjá notendum „meðaldýrra“ hitaveitna.

Samþykkt á fundi bæjarráðs Bolungarvíkur 15. október 2019

  
Bæjarstjórinn í Bolungarvík  
Jon Páll Hreinsson, Bæjarstjóri

Greinargerð:

Bókunin er samhlíða bókun Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum sem samþykkt var á aðalfundi þess 4. október sl.



## BOLUNGARVÍK

### 4. HAUSTÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 25. og 26. október 2019 - Félagsheimilinu á Hólmavík

## ÁLYKTUN

Bæjarráð Bolungarvíkur leggur til við stjórn Vestfjarðastofu að skilgreina í úthlutunarreglum um Uppbyggingasjóð skiptingu milli úthlutaðra styrkja til annarsvegar menningarverkefna og hinsvegar atvinnu- og nýsköpunarverkefna þannig að hlutfallið verði jafnt í hvorn flokk. Samhliða breytingum á úthlutunarreglum mun Vestfjarðastofa hefja nýtt nýsköpunaráttak á Vestfjörðum með það að markmiði m.a. að fjölga umsóknum á atvinnu- og nýsköpunarverkefnum í uppbyggingarsjóð.

Samþykkt á fundi bæjarráðs Bolungarvíkur 15. október 2019



Bæjarstjórnin í Bolungarvík

*Jón Páll Hreinsson*

Jón Páll Hreinsson, Bæjarstjóri

### Greinargerð:

Mikilvægi nýsköpunar er sífellt að verða meira og meira áberandi í okkar samfélagi. Í nýlegri nýsköpunarstefnu stjórnvalda sem atvinnuvega og nýsköpunarráðherra kynnti á dögnum kemur fram að „markmið hennar er að árið 2030 sé Ísland fjölbreytt samfélag velferðar, öryggis og jafnra tækifæra. Ísland verði í fremstu röð þegar borin eru saman lífsgæði og hamingja í löndum heims. Samfélag þar sem nýsköpun sé inngróin í menningu og efnahagslíf og kjörlendi til að setja á fót og starfrækja alþjóðlega samkeppnishæf fyrirtæki. Samfélag þar sem virðing sé borin fyrir frumkvöðlum og skapandi einstaklingum í efnahagslífi og menningu og sé fyrirmynd annarra ríkja hvað varðar sjálfbæra þróun.“

Án öflugrar nýsköpunar munu Vestfirðir ekki geta keppt við aðra landshluta og höfuðborgarsvæðið um að efla og styrkja samfélagið til lengri tíma.

Samkvæmt úthlutun síðustu þriggja ára hefur hlutfall atvinnu- og nýsköpunarverkefna í úthlutun Uppbyggingasjóðs verið á bilinu 20-25%.



## BOLUNGARVÍK

### 4. HAUSTÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 25. og 26. október 2019 - Félagsheimilinu á Hólmavík

### ÁLYKTUN

Bæjarráð Bolungarvíkur leggur til að 4. haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga skipi fjárhagsnefnd sem eina af fastanefndum sambandsins. Samhliða verði fjárhagsáætlun og greining fjárhagslegra upplýsinga Vestfjarðastofu færð til samræmis við sveitarfélög þar sem fjárhagsáætlun er deildarskipt og frávík frá fjárhagsáætlun eru skilgreind með viðaukum við fjárhagsáætlun á sama hátt og sveitarfélög.

Samþykkt á fundi bæjarráðs Bolungarvíkur 15. október 2019

  
Bæjarstjórinn í Bolungarvík  
Jón Páll Hreinsson, Bæjarstjóri

Greinargerð:

Tilgangur fjárhagsnefndar milli þinga væri m.a. að vinna með starfsfólki og stjórn Vestfjarðastofu að framlagningu fjárhagsáætlunar fyrir haustþing sambandsins.



## BOLUNGARVÍK

### 4. HAUSTÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 25. og 26. október 2019 - Félagsheimilinu á Hólmavík

### ÁLYKTUN

Bæjarráð Bolungarvíkur leggur til að samþykkt verði á 4. haustþingi Fjórðungssambands Vestfirðinga að ársstillag sveitarfélaga á Vestfjörðum til FV/Vestfjarðastofu á árinu 2020 verði 37,4 mkr og að ekki verði greitt sérstakt 7,5mkr viðbótarframlag vegna lífeyrisskuldbindinga.

Samþykkt á fundi bæjarráðs Bolungarvíkur 15. október 2019

  
Bæjarstjórnin í Bolungarvík  
Jón Páll Hreinsson, Bæjarstjóri

#### Greinargerð:

Árið 2018 var tillag sveitarfélaga á Vestfjörðum til FV alls 35,4 mkr og innifalið í þeim greiðslum var 7,4 mkr greiðsla vegna lífeyrisskuldbindinga. Sama ár var 5 mkr afgangur af rekstri FV og eigið fé FV jákvætt um 45,6 mkr. Það er ljóst að framlög sveitarfélaganna til FV hafa hingað til náð yfir greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga og algjörlega óþarft að hækka ársstillagið um 7,5 mkr af þeim sökum. Nú þegar eru til nægir peningar hjá FV til að standa undir greiðslum af lífeyrisskuldbindingunni og engin þörf fyrir aukin framlög frá sveitarfélögum til FV vegna hennar.